STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 2001

8. ágúst 2001 1579 Nr. 614

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður á tímabilinu frá og með 13. ágúst til og með 31. ágúst 2001 verði 10% af dilkum. Fyrir sama tímabil er útflutningshlutfall ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. ágúst 2001.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

8. ágúst 2001 Nr. 615

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti.

1. gr.

c. liður 3. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.

1. ml. 5. gr. hljóðar svo: Landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, auglýsir fyrir 1. september ár hvert, þó eigi síðar en útflutningshlutfall tekur gildi, útflutningsgjald sem sláturleyfishöfum eða eigendum sláturfjár ber að greiða af því magni sem þeir flytja ekki út en ber að flytja út skv. 1. gr.